



Utanríkismálanefnd
 Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,
 Alþingi v/Austurvöll
 101 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
 Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
 postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 11. apríl 2018

Tilvísun: UTN17010167/50.H.006

HeH/kaþ

Utanríkissáðherra mælti í gær fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 38/2010 um Íslandsstofu með síðari breytingum, 492. mál, þskj. 702, sem lagt var fram á Alþingi nú á vorþingi 148. löggjafarþings.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 4. gr. laganna að hún orðist svo, sbr. 5. gr. frv.:

Framkvæmdastjóri Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, annast daglega stjórn hennar og ræður starfsfólk. Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um starfsfólk Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar.

Við ritun frumvarpsins og þessa ákvæðis féll brott mikilvægt ákvæði lokamálsliðar 4. gr. núgildandi laga um Íslandsstofu, sem hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun annast árlega endurskoðun reikninga stofunnar.

Ráðuneytið vill vekja athygli utanríkismálanefndar á framangreindu og leyfir sér að mælast til þess að nefndin leggi það til í nefndaráliti sínu, að ákvæði 5. gr. frumvarpsins taki breytingum þannig að það mæli fyrir um þá breytingu á 4. gr. laganna, að Ríkisendurskoðun annist árlega endurskoðun reikninga Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar.

F.h.r.